

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Blöndu og Svartár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Blöndu og Svartár.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er heimili formanns hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur allra jarða og landareigna sem land eiga að vatnakerfi Blöndu og Svartár en þær eru:

Í *Húnavatnshreppi*: 1. Þröm, 2. Auðkúluheiði, 3. Eldjárnsstaðir, 4. Eiðsstaðir, 5. Eiðsstaðir II, 6. Guðlaugsstaðir, 7. Höllustaðir, 8. Höllustaðir II, 9. Syðri–Langamýri, 10. Ytri–Langamýri, 11. Tungunes, 12. Kárastaðir, 13. Ásar, 14. Hamar, 15. Gunnfríðarstaðir, 16. Holtastaðarreitur, 17. Smyrlaberg, 18. Grænahlíð, 19. Kagaðarhóll, 20. Kaldakinn, 21. Kaldakinn II, 22. Hjaltabakki, 23. Strjúgsstaðir, 24. Hólabær, 25. Gunnsteinsstaðir, 26. Auðólsstaðir, 27. Æsustaðir, 28. Gautsdalur, 29. Mörk, 30. Hvammur í Laxárdal, 31. Mjóidalur, 32. Þverárdalur, 33. Kálfárdalur, 34. Bólstaðarhlíð, 35. Bólstaðarhlíð II, 36. Hlíðarpartur, 37. Húnaver, 38. Botnastaðir, 39. Gil, 40. Fjósar, 41. Skeggsstaðir, 42. Brattahlíð, 43. Brún, 44. Eiríksstaðir, 45. Bergsstaðir, 46. Torfustaðir, 47. Barkarstaðir, 48. Leifsstaðir, 49. Leifsstaðir II, 50. Steinárgerði, 51. Steiná, 52. Steiná II, 53. Steiná III, 54. Hóll, 55. Skottastaðir, 56. Hvammur í Svartárdal, 57. Teigakot, 58. Kúfustaðir, 59. Stafn, 60. Fossar, 61. Fossar II, 62. Fossar III, 63. Eyvindarstaðarheiði, 64. Rugludalur, 65. Bollastaðir, 66. Eyvindarstaðir, 67. Austurhlíð, 68. Brandsstaðir, 69. Blöndudalshólar, 70. Brúarhlíð, 71. Finnstunga, 72. Ártún.

Í *Skagafirði*: 73. Mælifell.

Í *Blönduósbae*: 74. Blönduósbaer, 75. Enni, 76. Breiðavað, 77. Björnólsstaðir, 78. Ystagil, 79. Miðgil, 80. Engihlíð, 81. Glaumbær, 82. Fremstagil, 83. Geitaskarð, 84. Holtastaðir, 85. Fagranes, 86. Hvammur, 87. Skriðuland, 88. Móberg, 89. Blöndubakki, 90. Litla–Vatnsskarð, 91. Hnúkar, 92. Kleifar.

4. gr.

Innan Veiðifélags Blöndu og Svartár starfar sjálfstæð deild, heiðadeild Veiðifélags Blöndu og Svartár, sem tekur yfir allt vatnakerfi Blöndu ofan Blöndustíflu og Kólkustíflu.

Heiðadeildin hefur sjálfstæða stjórn, arðskrá og fjárhag.

Verkefni deildarinnar er að viðhalda góðri fiskigengd á svæði hennar og ráðstafa veiði á þann hátt sem hagkvæmast þykir hverju sinni.

Samþykktir deildarinnar skulu hvorki stangast á við lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði né samþykktir Veiðifélags Blöndu og Svartár.

5. gr.

Verkefni Veiðifélags Blöndu og Svartár eru:

- Viðhalda og efla góða fiskigengd og fiskrækt á félagssvæðinu svo sem með sleppingu seiða, klaki og friðun ef henta þykir. Einnig laga farveg til þess að greiða fiskiför.
- Reka alla lax- og silungsveiði í fiskihverfinu með því að selja á leigu stangveiði eða nytja veiðina á annan hátt í samræmi við samþykkt félagsfundar, samkvæmt landslögum.
- Byggja og halda við veiðihúsum og bæta aðbúnað og aðgengi fyrir veiðimenn.

6. gr.

Stjórnina skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt varamönnum kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum árlega. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr.

Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl. Þannig að formaður gengur út eitt árið og tveir stjórnarmenn á ári, tvö næstu ár og helst sú röð áfram. Sama regla gildir um varamenn í stjórn. Varformaður tekur við starfi formanns forfallist hann tímabundið. Forfallist formaður varanlega eða missi umboð sitt, skal næsti aðalfundur kjósa formann beinni kosningu til loka kjörtímabils. Á sama hátt skal kjósa nýjan stjórnarmann.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu. Engin atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu í stjórn, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn til eins árs í senn og einn til vara. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

7. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á eignum þess. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Henni er heimilt að ráða menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun. Formaður er fulltrúi félagsins út á við, svo sem á fundi Landssambands veiðifélaga. Hann hefur umsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum.

Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skulu koma fram upplýsingar um veiðitíma og leyfð veiðitæki.

8. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn skal gæta andmælaréttar félagsmanna áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því ákvörðun er tekin.

9. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyllt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók.

10. gr.

Nú fer atkvæðagreiðsla um framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félagsins af veiði á því starfsári, fram á fundi skv. fyrirætlum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

11. gr.

Aðalfundur skal halda eigi síðar en í apríl ár hvert. Á aðalfundi leggur stjórn félagsins fram endurskoðaða reikninga fyrir síðasta ár, skýrir frá störfum þess á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári ásamt fjárhagsáætlun. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna óskar þess skriflega ásamt tilgreindu fundarefni. Fundir eru löglegir séu þeir löglega boðaðir.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og aðrar fundargerðir.

13. gr.

Af andvirði veiðinnar eða veiðileigu greiðist allur sölukostnaður og annar kostnaður sem félagið þarf að hafa. Síðan skal arði af veiði eða veiðileigu skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá sem gildir hverju sinni.

14. gr.

Það sem ekki er tekið fram í samþykkt þessari um starfsemi félagsins, fer eftir lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

15. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 27. október 2016.

Guðni Magnús Eiríksson,
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.